

Heimir Örn Árnason heiti ég og hef ákveðið að bjóða mig fram til framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Ég er fæddur 5. maí 1979 og er 3 barna faðir.

Ég hef starfað við kennslu og stjórnun við grunnskóla í 16 ár, fyrst við Ingunnarskóla en lengst af við Naustaskóla á Akureyri. Ég starfaði í stjórnunarteymi Naustaskóla sem deildarstjóri á árunum 2018-2022, en áður var ég framkvæmdastjóri Golfklúbbs Akureyrar. Ég hef verið mjög virkur í félagsmálum og sjálfboðaliðastarfi hjá Íþróttafélgöum KA og KA/Þór frá því að hann man eftir sér. Árið 2016 tók ég að sér að vera formaður unglingaráðs KA og KA/Þór í handbolli og var þar alveg þangað til að hann fór í pólitíkina árið 2022. Einnig hef ég verið í stjórn handknattleiksdeildar KA og KA/Þór á árunum 2017-2022.



Ég fékk dómaraáttindi í handknattleik 2017 og dæmdi í efstu deild 3 tímabil. Ég hef einnig klárað öll stig þjálfaramenntunar hér á landi í handknattleik. Árið 2022 kláraði ég æðstu þjálfargráðu í handbolli sem er Mastecoach EHF og ég hef þjálfað meistaraflokk hjá KA, Akureyri handboltafélagi og Fylki í meistaraflokki karla í handknattleik. Ég byrjaði í þjálfun í handknattleik 16 ára gamall og hef þjálfað alveg síðan þá eða í 30 ár. Í dag er ég að þjálfa 30 eldhressar 5.flokk kvenna í handknattleik hjá KA/Þór

Í dag er ég formaður bæjarráðs á Akureyri og bæjarfulltrúi frá árinu 2022. Ég er einnig formaður í fræðslu- og lýðheilsuráðs sem tekur ákvarðanir sveitarfélagsins sem viðkemur skólamálum og Íþrótt- og tómstundamálum.

Ég hef verið afar virkur í kringum allar íþróttir á Akureyri og sveitarfélögunum í kring. Það er mjög mikilvægt að framkvæmdarstjórn ÍSÍ fái sterka rödd frá landsbyggðinni sem hefur reynslu af þjálfara-, sjálfboða og íþróttastarfi.

Með von um ykkar stuðning.

Kær kveðja

Heimir Örn Árnason